



Forsætisnefnd

Reykjavík, 22. ágúst 2025

MSS25040028

Umsögn skrifstofu borgarstjórnar um tillögu Framsóknar að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna forsætisnefndar.

Á fundi forsætisnefndar 20. júní sl. var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins:

Lagt er til að skrifstofu borgarstjórnar verði falið að koma með tillögur að endurskoðun á fundarsköpum forsætisnefndar með það fyrir augum að reglur um boðun funda verði samræmdar þeim reglum sem gilda um borgarráð.

Um forsætisnefnd Reykjavíkur er fjallað í 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Þar kemur fram, auk ákvæða um skipan nefndarinnar og verkefni hennar að forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði, á föstudögum fyrir reglulegan fund borgarstjórnar. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Í 4. mgr. 44. gr. sömu samþykktar, þar sem fjallað er um stjórnun borgarráðs, kemur fram að um fundarsköp borgarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um borgarstjórn eftir því sem þau geta átt við. Önnur ákvæði um nefndir, ráð og stjórnir taka jafnframt til borgarráðs eftir því sem við á. Það er því ekki nauðsynlegt að breyta samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar þar sem sömu reglur gilda nú þegar um fundarsköp borgarstjórnar, borgarráðs og ráða og nefnda Reykjavíkurborgar að undanskildum þeim tilvikum fagráða eða nefnda þar sem sérreglur hafa verið settar í viðauka eða í þá samþykkt sem gildir um viðkomandi ráð.

Ef forsætisnefnd óskar eftir því að setja sérreglur um fundarsköp nefndarinnar, sem eru frábrugðnar fundarskapareglum borgarráðs og ráða og nefnda, er unnt að vinna slíka breytingu þegar nefndin hefur ákveðið hverjar þær eigi að vera.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík